

Nd.

417. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 frá 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo, að í stað orðanna „Heimilt er sýslunefnd“ komi: Sýslunefnd er skylt o. s. frv.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í hverjum hreppi skuli vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd, og jafnmargir til vara. Kosning fer fram að afloknum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlangs tíma og hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 5. og 6. gr., og breytist greinatala samkvæmt því:

a. (5. gr.) Heimilt er sýslunefndum að ráða byggingarfulltrúa. Skal teiknistofa landbúnaðarins samþykkja ráðningu þeirra.

Laun byggingarfulltrúa greiðist að hálfu af viðkomandi sýslusjóðum eða öðrum aðilum innan héraðsins, en heimilt er sýslunefndum að jafna því niður jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af heildarfasteignamatí jarða og húsa með lóðum. Þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5% af fasteignamatinu.

Byggingarsjóður greiðir helming kostnaðarins.

Greiðsla byggingarsjóðs er háð þeim takmörkunum:

1. Að tala byggingarfulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, fari ekki yfir 7.
2. Að skipting starfssvæða byggingarfulltrúa sé þessi:
 1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
 2. Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslur, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla.
 3. Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla.
 4. Eyjafjarðarsýsla, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur.
 5. Norður- og Suður-Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla.
 6. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
 7. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
3. Að byggingarfulltrúum séu greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.

b. (6. gr.) Nú óskar sýslunefnd, að komið verði á samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa fyrir hlutaðeigandi byggingarumdæmi, sbr. 5. gr., 2. tölul., undirtöluliði 1—7, og gerir sýslunefnd þá frumvarp að samþykkt þar að lútandi og sendir öllum sýslunefndum innan byggingarumdæmisins. Hljóti samþykktin $\frac{3}{5}$ atkvæða allra sýslunefndarmanna á samþykktarsvæðinu, er hún bindandi fyrir öll sýslufélög innan þessa byggingarumdæmis. Nái samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa ekki löglegu samþykki samkv. 2. málslíð þessarar greinar, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingarfulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr byggingarstjóði, miðað við matsverð fasteigna á svæðinu horið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu.

4. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna, er verður 11. gr., orðist svo:

Fara um byggingarumdæmið og leiðbeina íbúum þess um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef þess er óskað. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt hól í umdæminu ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.

5. gr.

Upphaf 11. gr. laganna, er verður 13. gr., orðist svo:

Sýslunefndir í sama byggingarumdæmi hafa heimild til o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.